

Umhverfisstofnun,
Suðurlandsbraut 24
Lilja Bjarnadóttir / Hildur Vésteinsdóttir
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 07. nóvember 2019
2019100038/42-0
KJ, KHS, OKV, PW, SBR, TB
tb

Beiðni um mat á verndargildi Gerpissvæðisins

Við er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 18. október sl., þar sem fram kemur að undirbúningur að friðlýsingu Gerpissvæðisins er hafin og óskar stofnunin eftir mati Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi svæðisins. Jafnframt óskar Umhverfisstofnun eftir upplýsingum um hvort að mikilvægustu búsvæði sjaldgæfra plantna séu óbreytt eða hvort að breytingar hafi orðið, og þá hverjar.

Eins og fram kemur í framangreindu bréfi lagði Náttúrufræðistofnun til í skýrslu NÍ-08008 að Gerpissvæðið væri verndað sem búsvæði nokkurra sjaldgæfra æðplöntutegunda sem þar finnast en svæðið býr yfir sérstæðu gróðurfari sem einkennist af snjóðældargróðri. Markmiðið þá var, og er væntanlega enn, að tryggja búsvæði tegunda til að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni í samræmi við innlend markmið sem og markmið Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni og evrópska stefnumótun um plöntuvernd. Í framhaldinu var svæðið sett á náttúruverndaráætlun 2009-2013. Markmið um vernd líffræðilegrar fjölbreytni jafnt á innlendum sem alþjóðlegum vettvangi hafa verið uppfærð frá 2008 en eru í grunninn enn þau sömu.

Í framangreindri skýrslu Náttúrufræðistofnunar kom jafnframt fram, eins og vel er þekkt, að svæðið er eyðibýggð og einkennist af fjölbreyttu landslagi með fjöllum, grösugum dölum með bröttum hlíðum, víkum og fjörðum og svæðið er vinsælt til útivistar og um það liggja áhugaverðar gönguleiðir.

Verndargildi

Æðplöntur

Samkvæmt skráningu Náttúrufræðistofnunar eru búsvæði sjaldgæfra æðplantna enn þau sömu/þekkt innan Gerpissvæðisins. Eftirfarandi fundarstaðir sjaldgæfra æðplantna og æðplantna á válista eru skráðir:

Fundarstaður stinnasefs (VU) er skráður við Karlsskála í Reyðarfirði og annar við Kirkjuból í Vöðlavík.



Fjórir fundarstaðir skógelftingar (VU) eru skráðir í Sandvík.

Fundarstaður lyngbúa (VU) er skráður í Hellisfirði.

Skógelfting (VU) og stinnasef (VU) eru nefndar í tillögum NÍ á náttúruverndaráætlun 2009-2013 en ekki lyngbúi (VU).

Auk þess voru/eru fundarstaðir fjölmargra sjaldgæfra æðplöntutegunda (fjöllaufungur, lensutungljurt, dúnhulstrastör, hagastör, sóldögg, álftalaukur, mýraberjalýng, bjöllulillja, sífjarsóley (nú VU) og bergsteinbrjótur).

Plöntuheiti /fræðiheiti, syfjarsóleyjar *Ranunculus auricomus* hefur verið uppfært til *Ranunculus islandicus* sem finnst bara á Íslandi.

Vistgerðir

Við val Náttúrufræðistofnunar að tillögum að verndarsvæðum á B-hluta náttúruminjaskrár fyrir vistgerðir var fyrst og fremst verið að velja forgangsvistgerðir. Í því vali var m.a. tekið mið af sjaldgæfum æðplöntum þ.m.t. æðplöntum á valista. Aðferðafræðin er því aðeins óbeint að endurspeglar sjaldgæfar æðplöntutegundir í gegnum vistgerðir, einkum forgangsvistgerðir. Fundarstaður sjálfgæfra æðplantna þarf því ekki að ráða vali á svæði fyrir vistgerðir og er það m.a. ástæðan fyrir því að ekki eru tillögur um svæði á B-hluta náttúruminjaskrár fyrir vistgerðir á Gerpissvæðinu. Þetta dregur ekki úr verndargildi búsvæða þeirra tegunda sem nefndar eru hér að framan.

Allnokkur breiða af sjávarfitjungi, forgangsvistgerð, er kortlögð við Kirkjuból í Vöðlavík.

Víkurvatn á heiðinni yfir til Vöðlavíkur er skráð sem laukavatn sem er forgangsvistgerð. Miðað við útbreiðslukort Náttúrufræðistofnunar gæti álftalaukurinn sem er nefndur hér að ofan verið skráður í henni. Það skal tekið fram að líklega verður farin vettvangsferð til að skoða válistaplöntur á svæðinu á næsta ári en það er gert sem hluti af vöktun válistaplantna á landinu.

Almennt eru fjörur fremur lítið þekktar á svæðinu og mikið af þeim er ekki flokkað nákvæmlega. Töluvert er af óflokkuðum grýttum fjörum og óflokkuðum þangfjörum. Þær þangfjörur sem hafa verið flokkaðar eru bólupangsfjörur og skúfþangsfjörur. Mikið er um brimasamar fjörur á svæðinu, bæði hrúðukarla- og hnellingafjörur sem hafa almennt lágt verndargildi hér á landi (hrúðukarlafjörur eru þó á lista Bernarsamningsins). Þær setfjörur sem eru á svæðinu eru aðallega líflitlar sandfjörur (á lista Bernarsamningsins) og litlar spildur af grýttum sandleir og óseyrar. Svæðið er brimasamt og ekki nógu mikið um skjól til þess að stórar þangfjörur eða leirur geti myndast. Líklega eru þangfjörur eitthvað vanmetnar (eins og vill gerast þegar kortlagt er eftir loftmyndum) en það ætti þó ekki að vera stórvægilegt.

Engar forgangsvistir í fjörum eru innan svæðisins svo vitað sé.

Fuglar

Á Gerpissvæðinu er eitt mikilvægt fuglasvæði, Gerpur sjálfur, en þar er stór fýlabyggð (22 þús þör) sem er forsenda fyrir þeirri flokkun, sjá <https://www.ni.is/node/16202>.

Náttúrustofa Austurlands kannaði varpflugla á þessu svæði fyrir um 20 árum og tók saman



skýrslu um það, sjá <https://na.is/images/stories/utgefid/24.allt.pdf>.

Meðal sjaldgæfra fugla sem verpa eða hafa orpið eru örn (1 gamalt óðal) og fálki (1-2 óðul).

Jarðfræði

Elstu jarðlög á Austurlandi, um 14 milljón ára gömul, finnast á Gerpissvæðinu og við Brúnavík á Víknaslóðum. Á Gerpissvæðinu eru þessi jarðlög tengd Gerpismegineldstöðinni. Meðal annars eru þar litrík líparíthraun (Gerpisrýólít), sbr. m.a. svæði nr. 650 á náttúruminjaskrá, og þykkt gjóskulag með plöntusteingervingum (Barðatangatúff).

Þessi jarðlög teljast sennilega hafa hátt verndargildi (eða a.m.k. miðlungs til hátt verndargildi), en það kemur betur í ljós síðar en verið er að vinna að skráningu jarðminja og mat á verndargildi þeirra á landsvísu m.a. í tengslum við skráningu jarðminja á C-hluta náttúruminjaskrár.

Annað

Áður hefur verið bent á, m.a. í framangreindri skýrslu Náttúrufræðistofnunar, að nokkuð er um lúpínu í Vöðlavík sem telst vera ógn við gróður á svæðinu.

Niðurstaða

Gerpissvæðið var á sínum tíma tilnefnt á náttúruverndaráætlun með það að markmiði að vernda líffræðilega fjölbreytni þ.e. búsvæði sjaldgæfra æðplöntutegunda. Verndargildi Gerpissvæðisins er enn hátt hvað framangreint snertir. Einnig er þar mikilvægt fuglasvæði sem eykur gildi svæðisins. Þó fyrri tillögur Náttúrufræðistofnunar um vernd svæðisins hafi fyrst og fremst miðast við vernd búsvæða fyrir plöntutegundir er full ástæða er til að skoða betur verndargildi þess m.t.t. fleiri þátta s.s. landslagsverndar, útivistar og jarðminja, sbr. það sem kemur fram hér að ofan. Gerpissvæðið er ekki flokkað sem óbyggð víðerni í dag. Engu að síður má segja að svæðið sé tiltölulega óraskað, þó það hafi áður verið í byggð, og þar eru stór svæði sem bera öll einkenni víðernis eða óbyggðra svæða. Í heild hefur Gerpissvæðið hátt verndargildi sem byggir á mikilvægi búsvæða á svæðinu en einnig öðrum þáttum s.s. jarðminjum, landslagi, útivist, upprunaleika og menningarsögu.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson

forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

